

Fundargerð 49. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2022, föstudaginn 11. febrúar kl. 09:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fer hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Arnór Benónýsson, Árni Eiríksson, Díana Hilmarsdóttir, Einar Kristján Jónsson, Grétar Ingi Erlendsson, Ásta Berghildur Ólafsdóttir og Gunnþórunn Ingólfssdóttir.

Að auki sat fundinn: Jóhannes Ágúst Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Erindi sambandsins til starfshóps um Grænbók um orkumál - 2202003SO

Guðjón Bragason, sviðsstjóri hjá sambandinu fór yfir erindi sem sambandið sendi til starfshóps um Grænbók um orkumál.

Fulltrúa landshlutasamtaka sveitarfélaga, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka orkusveitarfélaga hafa verið boðaðir til fjarfundar með starfshópi um Grænbók um orkumál. Fulltrúar SO á fundinum, sem verður haldinn 16. febrúar n.k. verða Ása Valdís Árnadóttir, Arnór Benónýsson og Ásta Berghildur Ólafsdóttir. Stjórn SO hvetur sveitarfélög til að fylgjast með og kynna sér vinnu við gerð Grænbókar um orkumál.

2. Samþykktir Samtaka orkusveitarfélaga - 2202001SO

Guðjón Bragason, sviðsstjóri hjá sambandinu fór yfir hugmyndir að breytingum á samþykktum Samtaka orkusveitarfélaga.

Stjórn SO samþykkir að skipa starfshóp til að fara yfir breytingar á samþykktum Samtakanna. Starfshópin skipa Einar Kristján Jónsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Grétar Ingi Erlendsson, Skarphéðinn Orri Björnsson og Ása Valdís Árnadóttir. Greidd verði þóknun fyrir fundi starfshópsins. Jafnframt verður lögfræðingur sambandsins hópnur til aðstoðar.

Grétar Ingi Erlendsson vék af fundi kl: 10:00

3. Greiðsla fyrir greinarskrif - 2202002SO

Stjórn SO samþykkir að greiða andvirði eins stjórnarfundar fyrir hverja grein sem skrifuð er í nafni samtakanna sem birtast á vefsíðu samtakanna og í prentuðum miðlum. Greinin þarf að vera lágmark 500 orð og hámark 600 orð. Samþykkt er að stjórn staðfesti hverja grein.

4. Mögulegt framhald orkufundar - 2101001SO

Stjórn SO samþykkir að skoða möguleika að hafa framhald á Orkufundi 2021.

5. Önnur mál - 2011004SO

Stjórn SO samþykkir að setja á fót starfshóp til að vinna starfsáætlun, yfirfara stefnumörkun samtakanna og undirbúa kynningu á hlutverki og áherslum samtakanna. Starfshópin skipa Arnór Benónýsson, Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Díana Hilmarsdóttir og Stefán Bogi Sveinsson. Greidd verði þóknun fyrir fundi starfshópsins.

Fundi var slitið kl. 10:30

Ása Valdís Árnadóttir

Arnór Benónýsson

Árni Eiríksson

Díana Hilmarsdóttir

Einar Kristján Jónsson

Grétar Ingi Erlendsson

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

Gunnþórunn Ingólfssdóttir